

A. Paul Weber á Kjarvalsstöðum:

Hann klappar okkur ekki á kollinn....



Má gefa mynd sem þessari jafn afstrakt heiti og „Vistkreppa"?



Hann er áttatíu og þriggja ára, en myndlistarmenn verða allra karla elstir.

Um helgina var opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á svartlistarmyndum eftir þýskan listamann háaldraðan, A. Paul Weber. Myndirnar eru um 160 og eru gerðar á síðastliðnum 45 árum.


Paul Weber er einn af þeim mönnum sem kallaðir verða „óþægilegir" listamenn, hann er lítt gefinn fyrir að klappa mönnum á kollinn. Ein mynda hans sýnir digran dólg og valdsmannslegan, sem hefur lagt mann á skurðarborð og er að skera úr honum hrygginn. Út um dyr til hægri ganga þeir mjög slyttislegir, sem hafa nú verið sviptir þeim möguleika,—eða þeirri áreynslu, — að ganga uppréttir. Svo er að orði komist vegna þess, að broddi myndarinnar er ekki beint gegn þeim dólg einum sem heldur á hnífnum. Til vinstri standa væntanlegir hryggleysingjar í biðröð, skælbrosandi; það er eins og enginn hafi neytt þá til að koma. Það sem mun gerast er gott og þægilegt.

— Hér er heimspeki Webers, segir einn af skipuleggjendum sýningarinnar, dr. Scwabe. Myndin sýnir frosk og skorkvikindi, sem nefnist gullsmiður samkvæmt orðabók. Á meðan étur lirfa gullsmiðsins egg frosksins. Ekki sérlega aðlaðandi hringrás.

Hvað um það. Í tilefni þessarar sýningar birtum við þrjár myndir. Ein sýnir A. Paul Weber að störfum. Hann hefur m.a. myndskreytt mörg ágæt verk — nú síðast Reineke Fuchs Goethes, og hann hefur um tuttugu ára skeið haldið úti „Gagnrýnu almanaki", þar sem hann myndskreytir ýmsa þá texta beiska, sem honum finnst eiga erindi við samtíðina, hvort sem þeir voru skrifaðir í fyrra eða fyrir mörgum öldum.

Önnur er mjög fræg. Hún er frá 1932 og gerð fyrir tímarit er nokkrir andstæðingar nasismans gerðu út og hét Wiederstand, Andspyrna. Þar er heil þjóð að marséra ofan í opna gröf undir hakakrossfánum. Spámannleg mynd reyndar. Önnur mynd á sýningunni frá sama tíma sýnir dauðann í beinagrindarlíki tala í hljóðnema: Göbbels er að leggja undir sig útvarpið. Fyrir þessar myndir og aðrar skyldar varð Weber þeirrar sæmdar aðnjótandi að vera settur í fangabúðir.

Hin þriðja er nýrri og sprottin af umræðu um sambúð manns við þá jörð sem hefur getið hann af sér. Lifandi beinagrind þrammar galvösk með exi beitta yfir skóginn sem var og hagvaxtarhugsjónin hefur eytt — í áttina að síðustu trjánum. Sem verða að sjálfsögðu felld einnig. —áb.



Spádómsorð , frá 1932

Laus staða

Staða aðstoðarskólastjóra við Menntaskólann við Hamrahlíð er laus til umsóknar.
Samkvæmt 53. gr. reglugerðar nr. 270/1974, um menntaskóla, skal aðstoðarskólastjóri ráðinn af menntamálaráðuneytinu til fimm ára í senn úr hópi fastra kennara á menntaskólastigi.
Umsóknir um framangreinda stöðu ásamt upplýsingum um námsferil og störf skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 20. júlí n.k.

Menntamálaráðuneytið
23. júní 1977.

Auglýsing
í Þjóðviljanum ber ávöxt

Tæki sem finnur njósnahljóðnema

Tæknimenn, ekki síst í Bandaríkjunum, hafa haft ærin verkefni af njósnastarfsemi. Þeir hafa búið til æ fullkomnari,lævísari og smærri hljóðnema til að hlera samtöl manna. Og þeir hafa einnig haft nóg að gera við að búa til tæki til að finna þessa hljóðnema. Kaupendur eru nógir, því að stjórnmálanjósnir, persónunjósnir og iðnaðarnjósnir eru atvinnuvegur sem blómstrar: ekkert atvinnuleysi á þeim vettvangi.

Það hefur til þessa verið tiltölulega auðvelt að finna falda hljóðnema með færanlegum tækjabúnaði. Annað mál er, að það getur verið þreytandi til lengdar að sannprófa, hvort nýjum hljóðnemum hafi ekki verið komið fyrir í stað þeirra sem fundust við síðustu leit. Fyrirtæki eitt í New York hefur nú búið til kerfi, sem er fyrsti sjálfvirki tæknibúnaðurinn sem kemur á markað. „Þreifurum" frá einni miðstöð er komið fyrir í allt að átján herbergjum, og hvenær sem hlerunargræjum er komið fyrir í því húsi er hringt viðvörunarbjöllu. Tæki þetta kostar sem svarar sex miljónum króna.

Starfsmannafélagið Sókn

Farið verður í skemmtiferð til Vestmannaeyja laugardaginn 2. júlí. Komið aftur á sunnudag. Hafið samband við skrifstofuna fyrir fimmtudaginn 30. júní.

Starfsmannafélagið Sókn.

Hitaveita Suðurnesja

óskar að ráða véla- eða efnaverkfræðing. Umsóknir sendist skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja að Vesturbraut 10a Keflavik fyrir 15. júlí.